

Mál nr. 160/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skráningarnúmer ökutækis (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 24. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 9. júní 2020 þegar ökutækið A ók aftan á ökutæki B, sem M ók, á gatnamótum Bæjarbrautar og Vífilstaðavegar í Garðabæ. Fram kemur að V hafi hafnað bótaskyldu og getur M ekki fallist á þá afstöðu. M byggir á því að orsakatengsl séu á milli líkamstjóns hennar og slyssins og bendir á að ekki séu gerðar ríkar kröfur til sönnunar orsakatengsla í líkamstjónamálum. Í málinu liggur fyrir matsgerð sem M aflaði. V var gefin kostur á að koma sínum sjónarmiðum að sem það og gerði. Einnig liggur fyrir PC-Crash skýrsla sem V aflaði einhliða.

Í matsgerðinni kemur fram að M segist hafa fengið högg á hnakka við áreksturinn og daginn eftir verk í hálsi, herðum og óþægindum í kvið og væga ógleði. Í matsgerðinni kemur einnig fram að M hafi lent í vinnuslysi 2018 og verið metin til 6 stiga varanlegrar læknisfræðilegrar örorku í kjölfar þess. Hún hafi verið frá vinnumarkaði árin 2018-2021 og hafi verið í starfsendurhæfingu hjá Virk sem hafi lokið í júlí 2021. Enn fremur kemur fram að hún hafi dottið á vinstri hönd 2013 og kennt óþæginda í vinstri öxl 2015. Þá hafi hún leitað til læknis vegna bakverkja 2016 og eigi sögu um hryggskekkju. Í júlí 2020 lýsi M versnandi verkjum í hálsi og lendhrygg eftir slysið og hún hafi fengið segulómum af hálshrygg í ágúst 2020 sem hafi sýnt óbreyttar niðurstöðu frá árinu 2019. Matsmenn telja að þrátt fyrir að um vægan slysaatburð hafi verið að ræða þá hafi M hlotið væga tognun í lendhrygg í slysinu. Hún sé viðkvæm fyrir vegna fyrri einkenna og líklegt að lítið þurfti til að hún hljóti tognun. Hins vegar telja þeir að óþægindi M frá vinstri öxl hafi ekki versnað við slysið og hálsoþægindi séu það væg að þau komi ekki til mats. Varanlegur miski hennar er metin 3 stig og varanleg örorka 3%.

M telur sönnunargildi matsgerðarinnar vera ríkt og að V geti ekki hafnað bótaskyldu á grundvelli einhliða aflaðrar skýrslu V um hraða og höggútreikning. Þá sé ekki tekið tillit til hraðabreytinga sem verkuðu á M í skýrslunni. Í PC-Crash skýrslunni kemur fram að ökutæki A hafi verið á 21 km hraða og ökutæki B á 0 km. Tímalengd árekstursins hafi verið 0,14 sek.

Í athugasemd V vegna matsgerðar kemur fram að áreksturinn hafi verið vægur og að félagið fallist á tímabundnar afleiðingar tjónsatburðar á M en ekki varanlegar. V bendir á að ekki sé nóg að tengsl séu hugsanleg milli slyss og afleiðinga heldur þurfi þau að vera nokkuð vís og meiri líkur en minni að orsakatengsl séu til staðar. Þá hafi M dottið illa 2018 og hafi enn verið að glíma við þær afleiðingar þegar slysið átti sér stað.

Í bréfi V kemur fram að kraftur í tjónsatburðinum hafi ekki verið nægur til að valda skaða á líkama M. Nánast engar skemmdir hafi verið á ökutækjum og þyngdarhröðun 0,81 g sem sé lágorkuárekstur. Fjölmargar rannsóknir sýni að við svona vægt högg sé ómögulegt að fólk í bifreiðum verði fyrir varanlegu líkamstjóni. V hafnar því að matsgerði verði lögð til grundvallar og telur óskiljanlegt hvernig matsmenn hafi komist að þessari niðurstöðu. Fyrirliggjandi gögn sýni að M glímdi við sömu einkennum fyrir slysið. Hún hafi við glímt við einkennum frá vinstri öxl frá 2013 og oft leitað til lækna frá 2016 vegna bakverkja. Þá hafi hún fallið á vinstri öxl á árinu 2018. V telur því einsýnt að einkennum M sé af öðrum ástæðum sem voru til staðar fyrir slysið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 9. júní 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar viðtækar almennar ályktanir af

sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði einhliða matsgerðar og hafði V tækifæri á því að koma að athugasemdum við matsgerðina. Matsgerðin er mjög ítarleg og lýsir vel ástandi M. M hafði ýmis líkamleg einkenni fyrir áreksturinn en því er lýst í matsgerðinni að áreksturinn hafði ekki áhrif á flest einkennin til að mynda einkenni frá vinstri öxl. Hins vegar er það vel rökstudd í matsgerðinu að hún hafi tognað í lendhrygg við áreksturinn. Fram kemur að hún hafi verið viðkvæm fyrir og lítið hafi þurft til svo hún tognaði. Þrátt fyrir að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða getur ástand tjónþola við árekstur haft áhrif á hann. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitsgerð, sem draga niðurstöður matsgerðarinnar í efa. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir tjóni þar sem matsgerðin styður það að M hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir